

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 70/2013**

2013/EES/61/20

frá 3. maí 2013

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 494/2011 frá 20. maí 2011 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), er snertir XVII. viðauka við hana (kadmíum) ⁽¹⁾, sbr. breytingar sem birtust í Stjtið. ESB L 136, 24.5.2011, bls. 105.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 12zc (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32011 R 0494**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 494/2011 frá 20. maí 2011 (Stjtið. ESB L 134, 21.5.2011, bls. 2), sbr. breytingar sem birtust í Stjtið. ESB L 136, 24.5.2011, bls. 105.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 494/2011, sbr. breytingar sem birtust í Stjtið. ESB L 136, 24.5.2011, bls. 105, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. maí 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. maí 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 134, 21.5.2011, bls. 2.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.